



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**128. fundur svæðisskipulagsnefndar  
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 7. júní 2024  
og hófst hann kl. 13:33.**

**Fundinn sátu:**

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Lovísa Björg Traustadóttir, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún Lísa Sigurðardóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

**Dagskrá:**

**1. Þróunaráætlun 2020 - 2024 - 1812002**

Fyrirliggjandi til kynningar eru drög að Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins: stöðutaka 2024, dags. 15 maí 2024 þar sem fram koma niðurstöður talningar á fjölda íbúða í skipulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er unnið í samræmi við áherslur svæðisskipulagsnefndar fyrir kjörtímabilið 2022 - 2026. Verkefnastjóri VSÓ er gestur fundarins undir þessum lið.

**Gestir**

Stefán Gunnar Thors, sviðsstjóri umhverfis og skipulags, VSÓ -

*Svæðisskipulagsstjóra er falið að fullvinna skýrsluna og í framhaldi senda endanleg gögn til sveitarfélaganna og stjórnar SSH með boði um kynningu.*

*Lagt fram til kynningar*

**2. KÓP Kársnes - Þróunarsvæði - 2405004**

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar dags. 16. maí 2024 um ofangreint og umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 3. júní 2024.

*Samþykkt*

**3. Framtíðarstaðsetning skotípróttá - Skotvellir á Álfsnesi - 2303014**

Fyrirliggjandi til kynningar eru tilnefningar í stýrihóp vegna ofangreinds. Tilnefningar frá Ölfusi munu berast eftir 6. júní. Þá eru fyrirliggjandi drög að verkáætlun stýrihóps og verðfyrirspurn vegna verkefnastýringar.

*Lagt fram til kynningar*

**4. Áherslur svæðisskipulagsnefndar 2022 til 2026 - Leiðarljós 3 alþjóðleg**



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

### **Samkeppnishæfni - 2404017**

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga svæðisskipulagsstjóra dags. 3. júní 2024 um ofangreint þar sem lagt er til að formanni svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra verði falið að vinna áfram að framgöngu verkefna sem varða aðgerð 3.1.3 í svæðisskipulagi. Á meðal mögulegra verkefna er að halda málþing um stöðu atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, að boða hagaðila á fund svæðisskipulagsnefndar og að unnin verði greining um atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og þróun þess til framtíðar.

*Samþykkt*

### **5. Athafna- og þjónustusvæði við Tungumel og Þingvallaveg - vaxtarmörk svæðisskipulags - 2406001**

Fyrirliggjandi til kynningar er bréf skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 3. júní 2024 þar sem tilkynnt er um áform bæjarins að hefja skoðun á stækkun vaxtamarka svæðisskipulags í samráði við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og svæðisskipulagsnefnd. Vakin er athygli á því að bréfið barst eftir að dagskrá nefndarinnar var send.

*Frekari umræðum frestað og er svæðisskipulagsstjóra falið að ræða við skipulagsyfirvöld í Mosfellsbæ um mögulega kynningu á fyrirætlunum bæjaryfirvalda.*

*Lagt fram til kynningar*

### **6. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003**

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 13. september 2024 en fyrir liggur að nýr svæðisskipulagsstjóri mun hefja störf á svipuðum tíma.

Þá er jafnframt bent á að á 112. fundi nefndarinnar þann 9. desember 2022 var eftirfarandi verklagsregla samþykkt: Í sumarhléum nefndarinnar getur svæðisskipulagsstjóri skilað inn umsögnum við skipulagsáætlanir sem eru þá merktar „umsögn svæðisskipulagsstjóra“. Þær skulu lagðar fram til kynningar á fyrsta fundi nefndarinnar eftir sumarhlé.

*Bókun svæðisskipulagsnefndar:*

*Fundurinn í dag er sá síðasti sem Jón Kjartan Ágústsson situr sem svæðisskipulagsstjóri. Jón Kjartan hefur gegnt starfinu frá 2020 en fyrir liggur að hann muni hverja til annarra verkefna eftir sumarið. Svæðisskipulagsnefnd þakkar Jóni Kjartani kærlega fyrir gott, faglegt og viðburðarríkt samstarf á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar í verkefnum hans í framtíðinni.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:10.**